



# Barnaheill

## Fundargerð Stjórnarfundur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

**Tími** : mánudagurinn 9. janúar 2023 kl. 17:00

**Fundur nr** : 1. ársins, (5. fundur starfsársins)

**Staður** : Fákafen 9 og á TEAMS

**Mætt:** Harpa Rut Hilmarsdóttir, Sólveig Rós Másdóttir, Pétur Óli Gíslason, Raket Norðfjörð, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir (á Teams) og Funi Sigurðsson.

**Boðuð forföll:** Bjarni Torfi Álfþórsson og Jóhanna V Guðmundsdóttir.

**Starfsfólk Barnaheilla sem tók þátt í fundinum:** Ellen Calmon framkvæmdastýra og Kolbrún Pálsdóttir tók sæti undir 1. lið.

### Dagskrá:

1. Fjáröflunar- og kynningarherferð Heillagjafa í desember - yfirferð.
2. Vinna við starfs- og fjárhagsáætlunargerð kynnt.
3. Hugarflug um markaðsherferðir Barnaheilla.

### Dagskrá:

1. Fjáröflunar- og kynningarherferð Heillagjafa í desember - yfirferð.

Kolbrún Pálsdóttir fór yfir hvernig gekk í fjáröflunar- og kynningarherferð Heillagjafa í desember. En um er að ræða fjáröflun til stuðnings erlendum verkefnum sem Barnaheill sinnir og fjármagnar með stuðningi rammisamnings við utanríkisráðuneytið. Settu markmiði var náð með aðstoð markaðsfyrirtækis og mega Barnaheill vel við una en þetta er í annað skiptið sem Heillagjafir eru seldar. Starfsfólk lagði mikið á sig við að fylgjast með og vakta herferðina til að hámarka árangurinn.

2. Vinna við starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 kynnt.

Ellen kynnti vinnuna við starfs- og fjárhagsáætlun 2023. Bókari er að vinna að því að ná fram niðurstöðutölum fyrir árið 2022 en þeirra er að vænta í lok febrúar. Ellen leggur áherslu á að ná fram sem flestum rauntölum frá árinu 2022 svo hægt sé að gera sem raunhæfasta fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Gert verður ráð fyrir 10% hækkun á þeim fjárhagsliðum sem verðbólgan hefur ótvíræð áhrif á til hækkunar. Þá fór Ellen yfir drög að starfsáætlun sem hvert og eitt teymi er að vinna að en þessi vinna á að skila betri yfirsýn yfir verkefnið og hvernig við getum fjármagnað þau.

3. Hugarflug um markaðsherferðir Barnaheilla.

Ellen fór yfir næstu herferðir sem eru framundan hjá Barnaheillum. “Út að borða fyrir börnin” verður í febrúar. Ljósíð - herferð fyrir verkefnið “Verndarar barna” sem verður nú lykklakippa handunnin í Sierra Leone úr tré og glerperlum og fer fram á vormánuðum. Lykklakippan táknað heiminn eða veröld barna. Líflegar umræður sköpuðust og fjölda hugmynda fyrir markaðsherferðir komu fram.

Fundi slitið kl. 18:21  
Harpa Rut Hilmarsdóttir ritaði fundargerð

**Afgreiðsla : fundargerð samþykkt í tölvupósti :** Harpa Rut Hilmarsdóttir, Sólveig Rós Másdóttir, Pétur Óli Gíslason, Rakel Norðfjörð, Brynja Dan Gunnarsdóttir, Bergrún Íris Sævarsdóttir og Funi Sigurðsson.